




NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS



VÖKTUN VERNDARSVÆÐA ÁRIÐ 2023 Á AUSTURLANDI



Margrét Gísladóttir



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Skýrsla nr: NA-240251	Dags: 10.01.2024	Dreifing: Opin
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Vöktun verndarsvæða árið 2023 á Austurlandi		Síðufjöldi: 16
Ljósmyndir á forsíðu: Guðrún Óskarsdóttir, Hálfván Helgi Helgason og Margrét Gísladóttir		Upplag: aðgengileg á www.na.is
		Fjöldi korta: Kort eru myndir í skýrslu.
		Fjöldi viðauka: 0
Höfundur: Margrét Gísladóttir		
Unnið fyrir: Náttúrufræðistofnun Íslands		
Útdráttur: <p>Árið 2023 var haldið áfram með samstarfsverkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og náttúrustofa landsins sem hófst árið 2020. Fyrstu tvö árin var aðal áherslan lögð á verndarsvæði og önnur svæði sem eru undir álagi ferðamanna eða svæða sem gætu orðið fyrir auknu álagi ferðamanna á næstunni. Árið 2022 var umfang verkefnisins stækkað og settir saman faghópar til að skilgreina lykilþætti íslenskrar náttúru óháð álagi ferðamanna. Alls voru faghóparnir fimm: vistgerðir á landi, vistgerðir í fjöru, fuglar, spendýr og jarðminjar, skipaðir af starfsfólki náttúrustofa landsins og NÍ. Sumarið 2023 var því bæði lögð áhersla á vöktun ferðamannastaða sem og vöktun á lykilþáttum íslenskrar náttúru.</p> <p>Árið 2023 sinnti Náttúrustofa Austurlands (NA) mælingum á fimm gróðursniðum á Vestur-öræfum. Á Úthéraði voru mófuglar taldir á níu sniðum, vatnafuglar taldir tvisvar yfir sumarið og skúmshreiður heimsótt í tvígang. Strandfuglar voru taldir utan varptíma í Berufirði og á Breiðdalsvík. Strútsfoss í Fljótsdal var heimsóttur og svæðið umhverfis hann metið m.t.t. álags á jarðminjar og svæði í Hellisfirði og við Magnahelli við Hafrahvammagljúfur m.t.t ferðamannaálags. Þar að auki voru landverðir virkjaðir í Kverkfjöllum, á Teigarhorni og við Helgustaðanámu til að fylgjast með ágangi ferðamanna innan sinna friðlýstu svæða. Haustið 2023 hófst vöktun á hagamúsum í Egilsstaðaskógi. Engin fjöruvöktun fór fram sumarið 2023 eins og til stóð. Gögnum var skilað í gagnagrunn NÍ og myndum ásamt lýsingu hlaðið upp í gagnagrunn NÍ í gegnum forritið <i>fotoaware</i>. Þá var öllum drónamyndum einnig skilað inn til frekari myndvinnslu.</p> <p>Hér er lýst verkþáttum vöktunar verndarsvæða á Austurlandi árið 2023.</p>		
Lykilorð: Lykilþættir íslenskrar náttúru, verndarsvæði, vöktun, ferðamannastaðir, gróðursnið, mófuglar, vatnafuglar, skúmur, strandfuglar, hagamús, jarðminjar		ISSN (rafræn útgáfa): ISSN 2547-7447
Yfirfarið: KÁ		ISBN (rafræn útgáfa): ISBN 978-9935-543-01-1

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Töfluskrá.....	4
1. Inngangur.....	5
2. Verkáætlun	5
3. Vistgerðir á landi.....	6
4. Fuglar.....	7
4.1 Mófuglar.....	7
4.2 Vatnafuglar.....	9
4.3 Skúmur	10
4.4 Strandfuglar.....	11
5. Jarðminjar.....	11
5.1 Strútsfoss í Stútsdal.....	11
6. Ferðamannastaðir	12
6.1 Magnahellir	12
6.2 Gerpissvæðið.....	12
6.3 Önnur svæði.....	13
7. Hagamýs	13
8. Framkvæmd og tímaáætlun verkefna	15

Myndaskrá

1. mynd. Staðsetning gróðursniða á Vesturöræfum sumarið 2023. Upphafspunktur hvers sniðs er táknaður með bókstafnum A og endapunktur með bókstafnum B. Talan 23 í lok heiti sniðs táknar árið sem sniðið var mælt, 2023.	6
2. mynd. Gulur punktur sýnir upphafspunkt á sniði KKB39 samkvæmt hnit frá 1999. Sniðið var fært 35m í norður upp úr votlendisdæld. Upphafspunktur (KKB39A-23) sem var notast við sumarið 2023 er sýndur með bleikum lit.....	7
3. mynd. Staðsetning mófuglasniða á Úthéraði þar sem punkttalningar fóru fram.	8
4. mynd. Staðsetning 29 talningarpunkta þar sem vatnafuglar voru taldir á Úthéraði.	9
5. mynd. Horft á Strútsfoss frá útsýnisstaðnum.....	11
6. mynd. T.v. sést nýr stigi sem auðveldar gönguna niður í Skessugjá. T.h. sést ein af nýju keðjunum sem eykur öryggi og aðgengi gesta að Magnahelli.....	12
7. mynd. Gönguleiðin sem var tekin út á Gerpissvæðinu liggur frá Norðfirði yfir í Hellisfjörð um Götuhjalla.	13
8. mynd. Staðsetning gildrustöðva merktar með bókstaf A-J og númeri 1-10.....	14
9. mynd.T.v. Gildirur settar út þar sem búið var að merkja með hæl og flaggi. T.h. Mús í gildru vigtuð ofan í kæliboxi.	15

Töfluskrá

Tafla 1. Verkáætlun vöktunarpátta á Austurlandi árið 2023.....	5
Tafla 2. Allir einstaklingar séðir frá talningarsvæðum í fyrri og seinni ferð.	10

1. Inngangur

Árið 2023 var haldið áfram með samstarfsverkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og náttúrustofa landsins sem hófst árið 2020. Fyrstu tvö árin var aðal áherslan lögð á verndarsvæði og önnur svæði sem eru undir álagi ferðamanna eða svæða sem gætu orðið fyrir auknu álagi ferðamanna á næstunni. Árið 2022 var umfang verkefnisins stækkað og settir saman faghópar til að skilgreina lykilkætti íslenskrar náttúru óháð álagi ferðamanna. Alls voru faghóparnir fimm: vistgerðir á landi, vistgerðir í fjöru, fuglar, spendýr og jarðminjar, skipaðir af starfsfólki náttúrustofa landsins og NÍ. Sumarið 2023 var því bæði lögð áhersla á vöktun ferðamannastaða sem og vöktun á lykilkættum íslenskrar náttúru.

Árið 2023 sinnti Náttúrustofa Austurlands (NA) mælingum á fimm gróðursniðum á Vesturöræfum. Á Úthéraði voru mófuglar taldir á níu sniðum, vatnafuglar taldir tvisvar yfir sumarið og skúmshreiður heimsótt í tvígang. Strandfuglar voru síðan taldir utan varptíma í Berufirði og á Breiðdalsvík. Strútsfoss í Fljótisdal var heimsóttur og svæðið umhverfis hann metið m.t.t. álags á jarðminjar og svæði í Hellisfirði og við Magnahelli við Hafrahvammagljúfur m.t.t. ferðamannaálags. Þar að auki voru landverðir virkjaðir í Kverkfjöllum, á Teigarhorni og við Helgustaðanámu til að fylgjast með ágangi ferðamanna innan sinna friðlýstu svæða. Haustið 2023 hófst síðan vöktun á hagamúsum í Egilsstaðaskógi. Engin fjöruvöktun fór fram sumarið 2023 eins og til stóð samkvæmt fyrstu tillögum að vöktun ársins 2023.

Gögnum var skilað í gagnagrunn NÍ og myndum ásamt lýsingu hlaðið upp í gagnagrunn NÍ í gegnum forritið *fotoware*. Þá var öllum drónamyndum einnig skilað inn til frekari myndvinnslu. Rafrænir stöðufundir faghópanna með verkefnisstjóra fóru fram í september og október þar sem farið var yfir framgang vöktunarsumarsins og hvað mætti betur fara í vöktun næstu ára.

Hér er lýst verkþáttum vöktunar verndarsvæða á Austurlandi árið 2023.

2. Verkáætlun

Unnið var eftir samstarfssamningi NÍ og NA um vöktun náttúruverndarsvæða 2023-2025. Var þetta fyrsta árið þar sem unnið var eftir nýjum langtímasamningi. Samkvæmt samningi NÍ og NA sem undirritaður var þann 24. maí 2023 tók NA að sér 16 verkefni sem skiptust í vistgerðir á landi, fugla, hagamús, jarðminjar og ferðamannastaði (Tafla 1).

Tafla 1. Verkáætlun vöktunarþátta á Austurlandi árið 2023.

Austurland 2023	Vistgerðir á landi	Fuglar	Hagamús	Jarðminjar	Ferðamannastaðir
Vesturöræfi - gróðurreitir	5				
Úthérað - vatnafuglar		1			
Úthérað - mófuglar		1			
Úthérað - skúmur		1			
Berufjörður og Breiðdalsvík - Standfuglar		1			
Egilsstaðaskógur - hagamús			1		
Strútsfoss				1	
Magnahellir					1
Gerpissvæði - Hellisfjörður					1
Kverkfjöll					1
Teigarhorn					1
Helgustaðanáma					1
Heildarfjöldi verkefna	5	4	1	1	5


3. Vistgerðir á landi

Í takt við beiðni Ní gerði NA áætlun um vöktun gróðurvistgerða til fimm ára (2023-2027) þar sem tekin verða fyrir 25 snið á Austurlandi. Til að lágmarka ferðakostnað verða gróðursnið tekin innan afmarkaðra svæða. Sumarið 2023 sinnti Náttúrustofan því gróðurmælingum á fimm sniðum á Vesturöræfum (1. mynd), dagana 20.-22. júlí. Reynt var að velja reiti eins dreift og hægt var án þess að velja þá sem voru mjög langt frá vegslóðum.

Reitirnir fimm eru eftirfarandi (heiti miðast við heiti í gagnagrunni NÍ):

1. KST52 (Rekjuvist)
2. KMM35 (Hengistararflóavist)
3. KMM68 (Tjarnarstararflóavist)
4. KKB39 (Lyngmóavist á hálendi)
5. KVV84 (Rekjuvist)


Einn reitur, KMM68 flokkast sem tjarnarstararflóavistgerð með mjög hátt verndargildi.



1. mynd. Staðsetning gróðursniða á Vesturöræfum sumarið 2023. Upphafspunktur hvers sniðs er táknaður með bókstafnum A og endapunktur með bókstafnum B. Talan 23 í lok heiti sniðs táknar árið sem sniðið var mælt, 2023.

Til voru eldri gögn fyrir öll sniðin fimm sem voru síðast mæld árið 1999, m.a. hnit fyrir upphafs- og endapunkt. Gengið var í upphafshnit og 40 m langt snið lagt út í endapunkt. Vegna þeirrar skekkju sem vænta má við notkun hnita var einnig notast við gamlar ljósmyndir frá NÍ til þess að tryggja að sniðin væru lögð út á sama stað og við fyrri mælingar, eða sem næst því. Ný hnit voru tekin við upphafs- og endapunkt. Breidd sniða voru afmörkuð með járnþinum, 5 m út frá miðlínu og yfirlitsmyndir teknar. Smáreitir voru lagðir út samkvæmt upplýsingum á stöðluðu eyðublaði frá NÍ og eyðublaðið fyllt út fyrir hvern reit. Mælingar fóru fram í sex smáreitum í hverju sniði og ljósmyndir voru teknar af öllum smáreitum. Allar æðplöntutegundir sem fundust innan smáreita voru skráðar og þekja þeirra metin samkvæmt þekjuskala Braun-Blanquet. Á sama hátt var skráð þekja ógróins yfirborðs og heildarþekja mosa og fléttna. Mæld var hæð gróðurs, jarðvegsþykkt og halli lands metinn. Þá voru jarðvegssýni tekin við fyrsta, þriðja og síðasta smáreit. Sýnin voru þurrkuð og send til NÍ í lok sumars.

Eitt snið, KKB39 (lyngmóavist á hálendi), var fært 35m í norðurátt þar sem hnitin frá 1999 lentu ofan í votlendisdæld (2. mynd).




2. mynd. Gulur punktur sýnir upphafspunkt á sniði KKB39 samkvæmt hnit frá 1999. Sniðið var fært 35m í norður upp úr votlendisdæld. Upphafspunktur (KKB39A-23) sem var notast við sumarið 2023 er sýndur með bleikum lit.

4. Fuglar

4.1 Mófuglar

Punkttalningar á mófuglum fóru fram einu sinni á níu sniðum á Úthéraði dagana 12., 13., 14., 15., 16. og 21. júní. Náttúrustofan hefur talið mófugla í punkttalningum í fimm sniðum á Úthéraði árlega frá árinu 2009 og bættust fjögur ný snið við fyrri vöktun sumarið 2022 vegna vöktunar verndarsvæða (3. mynd). Viðbótarsniðin fjögur höfðu þó öll verið talin áður á einhverjum tímamarki árin 2012-2014, sem hluti af NATURA verkefni Náttúrufræðistofnunar. Gengið var á milli punkta og fuglar taldir á hverjum punkti í nákvæmlega 5 mínútur. Allir fuglar sem sáust innan 200 m fjarlægðar frá athuganda

voru tegundagreindir og skráðir niður. Fjarlægð í hvern fugl var mæld með fjarlægðarmæli og var atferli fuglsins einnig skráð til að meta hvort um varpfugl væri að ræða. Fjórar algengustu tegundirnar voru; spói, jaðrakan, hrossagaukur og þúfutittlingur. Í einhverjum tilfellum þurfti að hnika til punkti ef hann lenti til dæmis í vatni, mýri eða öðru sem hamlaði aðgengi.



3. mynd. Staðsetning mófuglasniða á Úthéraði þar sem punkttalningar fóru fram.

4.2 Vatnafuglar

Vatnafuglar voru taldir tvisvar sinnum á sömu 29 stöðunum, á og við aðgengileg vötn, tjarnir og ár á Úthéraði (4. mynd).



4. mynd. Staðsetning 29 talningarpunkta þar sem vatnafuglar voru taldir á Úthéraði.

Fyrri ferð var farin 30. maí til að meta fjölda varpfugla og seinni ferð þann 11. ágúst til að meta ungaframleiðslu. Alls sáust samtals 30 tegundir í báðum talningunum. Í maí sáust alls 1312 einstaklingar af 27 tegundum en 734 einstaklingar af 13 tegundum í ágúst. Óðinshanar, lóuprælar og grágæsir voru algengastir í maí, en rauðhöfðaendur, grágæsir og álftrir í ágúst (Tafla 2). Í seinni talningunni í ágúst var greint á milli ungfugla og eldri einstaklinga og reyndust ungar vera um 18% af töldum fuglum.

Tafla 2. Allir einstaklingar séðir frá talningarsvæðum í fyrri og seinni ferð.

Tegund	Fjöldi 30.05.2023	Fjöldi 11.08.2023
Æður	1	
Álft	53	90
Duggönd	3	
Fálki		2
Flórgoði	29	53
Grafönd	1	64
Grágæs	175	92
Hávella	39	
Heiðlóa	5	
Hettumáfur	8	
Himbrimi	7	14
Hrafn	1	
Hrossagaukur	3	
Jaðrakan	98	
Kjóí	11	
Kría	39	
Lómur	13	
Lóupræll	286	
Óðinshani	305	
Rauðhöfðaönd	28	300
Rjúpa		5
Sílamáfur	2	
Skúfönd	104	16
Spói	11	
Stelkur	24	
Stökkönd	28	12
Stormmáfur	1	
Toppönd	10	7
Trana-grá		2
Urtönd	27	77
Heildarfjöldi fugla	1312	734
Samtals tegundir	27	13

4.3 Skúmur

Farnar voru tvær ferðir til að meta varpárangur skúma í Húsey á Úthéraði. Fyrri heimsókn fór fram þann 12. júní þar sem gengið var um varpsvæðið í Húsey, skúmshreiður hnitsett og fjöldi eggja í hverju hreiðri skráður. Fjórar ferðir til viðbótar voru farnar í sumar til að setja GLS og GPS loggера á skúma á vegum alþjóðlega SEATRACK verkefnisins. Í þeim ferðum fundust nokkur virk hreiður sem ekki höfðu fundist í fyrstu ferðinni og voru þau talin með. Alls fundust 35 virk hreiður á svæðinu. Af þeim voru 18 hreiður (51%) með tveimur eggjum og 17 hreiður (49%) með einu eggji. Meðalfjöldi eggja var því 1,5. Til að spá fyrir um klakdagsetningu eggja út frá eðlismassa var lengd, breidd og þyngd mæld í hlutsýni af eggjunum. Hámark klaks, þ.e. þegar meira en helmingur eggja er klakinn var þannig metinn um 25. júlí og í takt við verkáætlun var miðað við að seinni heimsókn færi fram um hálfum mánuði seinna.

Ungar voru taldir þann 10. ágúst. Þá fundust ungar í 12 hreiðrum, aðeins einn ungi í hverju hreiðri. Í síðustu SEATRACK ferðinni þann 7. júlí fannst eitt hreiður með einum unga sem ekki hafði verið skráð í fyrri heimsóknum. Í heildina fundust því einungis 13 ungar á varpsvæðinu í Húsey úr 35 hreiðrum. Þannig reiknast varpárangur 0,4 ungar per hreiður. Mjög mikið fannst af dauðum ungum á svæðinu, flestir étnir og mikil ummerki um tófu.

Sumarið 2022 fundust 46 virk hreiður á svæðinu og alls 32 ungar á varpsvæðinu Húsey. Þá fundust einnig rúmlega 30 dauðir skúmar í og við varpið (algjör lágmarkstala) og var sýni sent inn til MAST sem staðfesti að fuglaflensa hefði geysað á svæðinu. Því er ljóst að varpárangur skúms í Húsey undanfarin tvö ár hefur verið frekar lélegur og að stofninn stendur ekki vel.


4.4 Strandfuglar

Strandfuglar voru taldir 28. febrúar á fyrir fram völdum strandsvæðum í Berufirði og á Breiðdalsvík með sérstakri áherslu á straumönd, æðarfugl, toppskarf og dílaskarf. Megin markmið talninganna var að ná aldurs- og kynjahlutföllum í nægjanlegri sýnastærð til að meta stofnsamsetningu og viðkomu þessara tegunda. Um var að ræða endurtekningu á talningu á straumönd og æðarfugli á skilgreindum svæðum í Vetrarfuglatalningum NÍ. Svæðin sem talið var á eru Kambar – Selnes, norðan Breiðdalsvíkur; Skipeyri – Streitishvarf, sunnan Breiðdalsvíkur; Streitishvarf – Vatnsboði, austan Berufjarðar; Vatnsboði – Piljuvallabót; Teigartangi – Langitangi, sunnan Berufjarðar. Samhliða talningunum á straumönd og æðarfugli var sérstök áhersla lögð á talningar skarfa þar sem vöktun á þeim hefur hingað til ekki náð til Austfjarða. Þær talningar voru ekki jafn svæðisbundnar og talningarnar á straumöndunum og æðarfuglinum heldur voru skarfar taldir hvar sem þeir sáust í talningarleiðangrinum. Strandlengjan innan skilgreindu svæðismarkanna var skoðuð með handsjónauka, leitað að straumönd og æðarfugli, fjöldi þeirra talinn og greindur eins og kostur var til kyns og aldurs (steggirnir). Niðurstöður úr þessum talningum eru viðbót við niðurstöður úr Vetrarfuglatalningum NÍ, vöktun skarfa og vöktun Mývatns og Laxár (straumönd) og hefur því talsverð samlegðaráhrif. Upphaflega var miðað við tvær talningar, fyrri í september/október og seinni í febrúar samhliða talningum NÍ á skörfum. Vegna fjárskorts var hins vegar einungis miðað við eina talningarferð í febrúar árið 2023.

5. Jarðminjar

5.1 Strútsfoss í Stútsdal

Þann 24. ágúst var haldið inn að innsta bæ í Suðurdal Fljótsdals, Sturluflöt, þaðan sem gönguleiðin að Strútsfossi hefst. Fossinn er á lista yfir aðrar náttúru-minjar og tilheyrir svæði númer 645. Gengið er inn Villingadal, að mestu eftir gömlum vegslóða, og þaðan inn Strútsdal. Fossinn sést ekki vel fyrr en komið er býsna langt inn Villingadal. Markmið heim-sóknarinnar var að taka drónamyndir af svæðinu til að fá heildstæða mynd af ástandi svæðisins sem væri síðan hægt að nýta við endurskoðun á C-hluta náttúruminjaskrár. Flugin voru þrjú drónaflug á leiðinni upp að útsýnisstaðnum í Strútsdal, þangað sem flestir halda. Ekki var talin þörf á því að komast alveg upp að fossinum með því að ganga inn gilið og vaða ána nokkrum sinnum þar sem fáir sem heim-sækja svæðið gera það. Vegna þess að töluverður halli var á landinu í átt að gilinu var ákveðið að fljúga síðasta og fjórða flugið með myndavélina stillta á



5. mynd. Horft á Strútsfoss frá útsýnisstaðnum.

20° halla. Dróninn var sendur fyrst upp að útsýnisstaðnum og síðan látinn taka myndir alla leið niður með gilinu og tekið á móti honum við upphaf gönguleiðarinnar. Töluvert magn af lúpínu er beggja vegna við ána fyrri part gönguleiðarinnar.

6. Ferðamannastaðir

6.1 Magnahellir

Magnahellir við Hafrahvammagljúfur var heimsóttur 21. júlí, í sömu ferð og gróðursnið voru tekin út á Vesturöræfum, og forkönnun unnin á svæðinu. Ekið var yfir Kárahnjúkastíflu og norður að Hafrahvammagljúfri. Merkt gönguleið liggur frá bílaplaninu, meðfram gljúfrinu og niður að Magnahelli. Náttúrustofan hafði fengið fregnir af því að svæðið væri verulega farið að láta á sjá vegna ágangs ferðamanna. Kom það því skammtilega á óvart að töluverð uppbygging hafði nýlega átt sér stað á svæðinu. Búið var að setja upp nýjan stiga þar sem gengið er niður í Skessugjá og setja upp keðjur á svæðum þar sem brattinn var mikill og erfitt getur reynst að fóta sig (6. mynd). Það var þó eitthvað um hentistíga og traðk fyrir utan göngustíga sem kemur líklega til með að jafna sig með tímanum eftir þessa nýju uppbyggingu. Þá var einnig búið að byggja útsýnispall við gljúfrið svo óþarfa traðk við brúnir gljúfursins kemur líklega til með að jafna sig einnig. Svæðið er mikið gróið og gróðurfar fjölbreytt miðað við hæð yfir sjávarmáli.



6. mynd. T.v. sést nýr stigi sem auðveldar gönguna niður í Skessugjá. T.h. sést ein af nýju keðjunum sem eykur öryggi og aðgengi gesta að Magnahelli.

6.2 Gerpissvæðið

Gerpissvæðið var friðlýst sem landslagsverndarsvæði árið 2021. Þar af leiðandi var ákveðið að það yrði í forgrunni vöktunar ferðamannastaða á Austurlandi næstu árin. Samkvæmt langtímasamningi Náttúrustofunnar og Ní verða því mismunandi svæði innan Gerpissvæðisins heimsótt á næstu árum. Náttúrustofan var í miklum samskiptum við bæði sérfræðing og landvörð Umhverfisstofnunar (UST) á svæðinu til að heyra hvaða svæði þeim þætti mikilvægt að heimsækja m.t.t. ágangs ferðamanna. Þann 25. ágúst var gönguleiðin frá Norðfirði yfir í Hellisfjörð um Götuhjalla tekin út (7. mynd). Gönguleiðin er vinsæl meðal heimamanna og samkvæmt UST var hún verulega farin að láta á sjá, sérstaklega Hellisfjarðarmegin. Alls er gönguleiðin um 8 km aðra leið og því var ákveðið, til að fá sem heilstæðasta mynd af svæðinu, að drónamyndataka væri besti kosturinn. Flogin voru fjögur flug, eins og batterí leyfðu, í um 150 m hæð. Reynt var að fljúga yfir miðbik dagsins þegar sól er sem hæst á lofti og minni líkur eru á að skuggar skerði gæði myndanna. Hins vegar var erfitt að ná skuggalausum myndum þegar gengið var í norðurhlíð Hellisfjarðamúlans um Norðfjarðarskriður. Gönguleiðin liggur þar undir miklu klettabelti sem skyggir jafnan alltaf á gönguleiðina.



7. mynd. Gönguleiðin sem var tekin út á Gerpissvæðinu liggur frá Norðfirði yfir í Hellisfjörð um Götuhjalla.

6.3 Önnur svæði

Á þremur svæðum voru landverðir virkjaðir til að sinna endurtekinni myndvöktu innan sinna friðlýstu svæða. Í Kverkfjöllum og á Teigarhorni völdu landverðir staði þar sem ágangur ferðamanna var mikill og nauðsynlegt að vera með endurtekna myndvöktun. Í Helgustaðanámu var stuðst við myndvöktunarpunkta sem NA hafði valið sumarið 2021. Stefnt er að því að landverðir á þessum svæðum sinni endurtekinni myndvöktun árlega og skili gögnum inn til NA.

7. Hagamýs

Árið 2022 hafði töluverð vinna farið í að undirbúa vöktun hagamúsa og var meðal annars búið að velja Egilsstaðaskóg sem vöktunarstað. Músagildrurnar skiluðu sér þó ekki á tilsettum tíma vegna misskilnings við pöntun og var því ekki hægt að hefja vöktun það árið. Árið 2023 var því fyrsta vöktunarár hagamúsa á Austurlandi og fóru veiðarnar fram í Egilsstaðaskógi. Markmið vöktunarinnar er að mæla þéttleika og samsetningu hagamúsa í birkiskógi og fylgjast með breytileika milli ára.

Þann 21. og 22. september var svæði innan Egilsstaðaskógar afmarkað og gildrustöðvar hnitsettar með GPS og tréhæl sem búið var að merkja með einkennisnúmeri stöðvar. Settar voru út 100 stöðvar með 20 m millibili á ferhyrntu svæði sem spannaði 10 raðir á hvorn veg (8. mynd). Fyrsta röð sem sett var niður var A og gildir með númerið 1-10, síðan B með númer 1-10 o.s.frv. Eftir röð E var ákveðið

að setja gildirur í röð F-J suðaustan megin við röð A en ekki í framhaldi af röð E. Var þetta gert til að hafa sem mest samræmi á vistlendi milli stöðvanna og sleppa við að setja gildirur út á stóru opnu svæði (sjá 8. mynd). Allar staðsetningar voru einnig merktar með flaggi og borða til að auðvelda endurfund við vitjun á gildrunum. Áætlað var að setja út 100 lífgildirur en ein gildra glataðist við útsetningu og voru þær því 99 árið 2023, en hún fannst þó aftur í vitjun. Notaðar verða sömu staðsetningar næstu árin við veiðarnar.



8. mynd. Staðsetning gildrustöva merktar með bókstaf A-J og númeri 1-10.

Dagana 25.-29. september fóru veiðarnar fram. Áður en gildirurnar voru settar út voru fjórar mat-skeiðar af hafræjum og ull til einangrunar settar í þær. Passað var uppá að ullin sem var notuð væri þurr og nóg af henni svo músnar gætu grafið sig inn og haldið á sér hita yfir nótt. Á fyrsta degi var gildrunum komið fyrir við hverja gildrustöð. Næsta dag var vitjað um gildirurnar og athugað hvort mús hafi komið í þær um nóttina. Vitjað var með sama hætti í fimm daga samfleytt og alltaf farin sama leið í hvert skipti svo ekkert gleymdist. Á fimmta degi voru gildirurnar teknar inn, hreinsaðar og þurrkaðar, og komið fyrir í geymslu til næsta árs.

Ef mús var í gildru var hún opnuð ofan í kælibox og músin vigtuð, kyngreind og merkt með veiðidegi (9Error! Reference source not found.. mynd). Klippið var gat á eyra (til að ná erfðafni) og tússað með permanent bleki á eftirfarandi hátt:

- Dagur 1: gat í hægri eyra, tússaður punktur framan á hægri afturfót, naglalakk á neglur sama fótár.
- Dagur 2: tússaður punktur framan á vinstri afturfót, naglalakk á neglur sama fótár.
- Dagur 3: tússaður punktur framan á hægri framfót, naglalakk á neglur sama fótár.
- Dagur 4: tússaður punktur framan á vinstri framfót, naglalakk á neglur sama fótár.
- Dagur 5: ekkert merki en tússaður punktur á skottrót ef einni nótt er bætt við.

Jafnframt var athugað hvort á músinni fyndust skógarmítlar og var leitað á eyrum, kvið, skottrót, augum og munnvikum. Engir skógarmítlar fundust á músunum sem veiddust. Allar upplýsingar voru skráðar í feltbók: gildrustöð, kyn, þyngd, merki, annað. Músinni var síðan sleppt á sama stað og hún veiddist á. Gildran var fyllt á ný af höfrum og hreinni ull.



9. mynd.T.v. Gildirur settar út þar sem búíð var að merkja með hæl og flaggi. T.h. Mús í gildru vigtuð ofan í kæliboxi.



Veiðarnar gengu í heildina vel og veiddust alls 56 hagamýs, þar af voru 32 karldýr og 24 kvendýr. Endurveiði var góð og var hlutfall endurveiddra músa 58% fyrsta daginn en svo 82 og 86% síðustu 3 dagana.

8. Framkvæmd og tímaáætlun verkefna

Verkefni um vöktun verndarsvæða á Austurlandi árið 2023 sem hér hefur verið gerð grein fyrir gekk vel og var í takt við verkáætlun. Áætlun um tíma til einstakra verkefna var mjög misjafnlega heppnuð. Tímaáætlun fyrir gróðursnið gekk nokkuð eftir. Þá gekk áætlun fyrir fuglarannsóknir að mestu eftir fyrir mófugla og vatnafugla talningar en tími var allt of knappur fyrir tvær skúma heimsóknir auk þess sem að tvær heimsóknir duga illa til að meta varpárangur. Gert var ráð fyrir alls sex dögum í vöktun á hagamúsum fyrir einn mann frá NA með starfsmanni Ní en tveir dagar bættust þar við aukalega við að setja út hæla og flögg sem starfsmenn NA sáu um. Auk þess voru alltaf tveir starfsmenn frá NA með í veiðunum og síðasta veiðidaginn voru eingöngu starfsmenn NA sem sáu um að vitja gildra og taka þær inn, í heildina þrjú starfsmenn frá NA þann daginn. Þá fór einnig heill dagur fyrir tvo starfsmenn í að hreinsa ull, þrifa gildirur og koma þeim fyrir í geymslu.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Bakkavegi 5 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Netfang: na@na.is
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • Veffang: www.na.is